

# Skýrsla vegna úthlutanar úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands árið 2016 fyrir verkefnið Stafræn borgaravitund – opið netnámskeið

Sólveig Jakobsdóttir, dósent og forstöðumaður RANNUM Menntavísindasviði  
Háskóla Íslands (MVS)  
Nóvember 2017

## Markmið

Á undanförunum árum og áratugum hafa margir talið þörf á því hér á landi að auka lýðræði í skólstarfi og að efla borgaravitund nemenda þannig að þeir geri sér grein fyrir lýðréttindum sínum, ábyrgð og skyldum og að það endurspeglar í daglegu lífi og með virkri samfélagsþátttöku. Hugmyndir um borgaravitund hafa þróast í takt við nýja tækni. Með stöðugu aðgengi að netinu og sívaxandi snjalltækjanotkun er æ meiri þörf á að stuðla að aukinni „stafrænni borgaravitund“ (e. digital citizenship) meðal nemenda, kennara og uppalenda þannig að börn og unglingar læri frá unga aldri að virða og vernda sig sjálf og aðra í stafrænum heimi. Meginmarkmiðið með verkefninu var að hanna opið netnámskeið (MOOC) um stafræna borgaravitund (digital citizenship) sem gæti gagnast ekki síst starfandi kennurum, foreldrum og öðrum uppalendum og einnig starfsfólki og nemendum við Menntavísindasvið.

## Verkefnið í framkvæmd

Sótt var um um 1.000.000 en 500.000 kr. var veitt í verkefnið árið 2016 úr Kennslumálasjóði. Á því ári fékkst þó einnig styrkur úr Bakhjarli (kr. 142.000) við Menntavísindasvið til viðbótar og fjárhagslegur stuðningur frá Reykjavíkurborg (49.000) og Heimili og skóla (64.000) til að hefja undirbúningsvinnuna að námskeiðinu með málþingi um stafræna borgaravitund í júní 2016. Var fenginn sérfræðingur á þessu sviði Dr. Jason Ohler til landsins til að halda erindi og til skrafs og ráðagerða. Ohler hafði sjálfur boðið upp á opið netnámskeið við University of Alaska og skrifað bækur um stafræna borgaravitund. Um 40 manns mættu á málþingið.

Hópur áhugafólks (14 manns) um þetta málefni kom svo saman til að ræða áfram hugmyndir og útfærslur haustið 2016 og stóð sá hópur að þarfagreiningu í árslok það ár en þá var sent út boð á ýmsa samfélagsmiðla sem tengjast starfsemi Menntamiðju og RANNUM um þátttöku í netkönnun og svöruðu 132. Meirihluti svarenda voru kennarar (61%) en 16% var fagfólk í upplýsingatækni í skólum, 11% skólastjórar og 3% foreldrar. Um 64% svarenda tengdust grunnskólastiginu, 21% framhaldsskólastiginu, 12% leikskólastigi og 8% háskólastigi. Heilmikill áhugi kom fram meðal þátttakenda á því að vinna með stafræna borgaravitund í skólstarfi eða uppeldi og nýta sér opin netnámskeið ef þau stæðu til boða. Ekki síst var talin mikil þörf á að vinna með þættina sjálfsmynd og netorðstír nemenda, samskipti og sambönd, netöryggi og heilsu og vellíðan. Höfundar þessa pistils tóku að sér í framhaldi af þessari þarfagreiningu að leiða áframhaldandi vinnu við námskeið á þessu sviði og var ákveðið að skipta helstu þáttum í tvennt og skipuleggja tvö námskeið um stafræna borgaravitund og ábyrga netnotkun **Netið mitt og Netið okkar**. Yrði fjallað um stafræna borgaravitund og lýðræði í skólstarfi, sjálfsmynd og netorðstír, réttindi og ábyrgð og andlega heilsu og vellíðan á fyrrnefnda námskeiðinu en siðareglur og netvenjur, samskipti og sambönd, netöryggi og læsi og samfélagsþátttöku á því

síðara. Gert var ráð fyrir að sækja um meiri fjármuni úr ýmsum sjóðum vegna síðara námskeiðsins.

Þá má nefna að samstarfshópurinn stóð fyrir dagskrá á Alþjóðlega netöryggisdeginum 7. febrúar 2017 þar sem Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands setti þingið og tók þátt í umræðum sem nýttust í undirbúningsvinnunni. Um 44 mættu á þingið (sjá upptöku og dagskrá á <https://rec.hi.is/Panopto/Pages/Viewer.aspx?id=a4ad5122-7602-4291-9448-ddee28efc643> <https://www.facebook.com/events/210354746035768/>)

Námskeiðið *Netið mitt* var undirbúið í janúar og fram í byrjun mars 2017 og kennt 13. mars til 15. maí. Undirrituð, Hildur Rudolfsdóttir kennsluráðgjafi í Garðabæ, Guðberg K. Jónsson verkefnistjóri SAFT verkefnisins hjá Heimili og skóla og Tryggvi Thayer verkefnisstjóri Menntamiðju tóku að sér umsjón með hverjum námsþætti. Voru sérfræðingar á mismunandi sviðum fengnir til liðs við undirbúningshópinn og gerðar kennsluáætlanir í samvinnu við þá (á GoogleDrive). En einnig var settur upp Facebook hópur fyrir undirbúningshópinn (borgaramúkk).

- Ólafur Páll Jónsson prófessor og Ragný Guðjohnsen aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (lýðræði í skólastarfi og borgaravitund),
- Óli Örn Atlason uppeldisfræðingur (sjálfsmynd unglunga),
- Elísabet Gísladóttir lögfræðingur (réttindi og ábyrgð),
- Kjartan Ólafsson, lektor (andleg heilsa) og
- Ingibjörg Jónsdóttir kennari og Gunnar Svanbergsson sjúkraþjálfari (líkamlega heilsa).

Ekki var hægt að fá aðgang að Moodle við HÍ (hvorki við Menntavísindasvið né Endurmenntunarstofnun HÍ) m.a. vegna þess að fólk þarf hi-netföng en hópurinn vildi að hver sem er gæti skráð sig á námskeiðið óháð skráningu í HÍ. Því varð úr að Tryggvi Thayer verkefnisstjóri Menntamiðju setti upp Moodle á vef sem hann heldur úti: [www.education4site.org/netnam](http://www.education4site.org/netnam) (sjá meðfylgjandi skjámyndir úr kerfinu). Grafískur hönnuður hjá Heimili og skóla tók að sér að hanna borða fyrir námskeiðið og hvern námsþátt. Ákveðið var að nýta Adobe Connect til að vera með vefmálfstofur en vista upptökur á Vimeo svo auðveldara væri að dreifa þeim með tenglum og “embed” kóðum <https://vimeo.com/album/4468667> en einnig voru áhyggjur yfir því að Adobe Connect aðgangur kynni að lokast og þar með allar upptökur sem gerðar væru í því kerfi.

Hér eru sýndar skjámyndir úr Moodle-námsvefnum.

# Stafræn borgaravíund I: Netið mitt

Stjórnborð » Netið mitt

fritunarham

## STIKLA

Stjórnborð

- Forsíða vefs
- ▶ Síður vefsins
- ▼ Núverandi námskeið
  - ▶ Þátttakendur
  - ▶ Badges
  - ▶ Almennt
  - ▶ Lota 1: 13.-19. mars
  - ▶ Lota 2: 20. mars - 2. apríl
  - ▶ Lota 3: 3.-23. apríl
  - ▶ Lota 4: 24. apríl - 15. maí
- ▶ Min námskeið

## STILLINGAR

- ▼ Umsýsla námskeið
  - ✎ fritunarham
  - ⚙ Uppsetning
  - ⚙ Course completion
  - ⚙ Uppsetning
  - ⚙ Course completion
  - ▶ Notendur
  - 👤 Skráðu mig úr Netið mitt
  - ▼ Slur
  - ▶ Skýrslur
  - 📄 Einkunnir
  - ⚙ Uppsetning á einkunnabók
  - ▶ Badges
  - 📄 Afrita
  - 🏠 Endurheimta
  - 📄 Flytja inn
  - 📄 Gefa út
  - 📄 Endurstætja
  - ▶ Spurningabanki
- ▶ Skipta yfir í
- ▶ Vefumsjón



Ókeypis netnámskeið um stafræna borgaravíund einkum ætlað skólafólki, foreldrum og öðrum sem koma að uppeldi og menntun ungmenna.

- 📄 Um námskeiðið
- 📄 Hvernig virkar þetta námskeið eiginlega?
- 📄 Almennar umræður og tilkynningar frá kennara
- 📄 Borgaravíund: Frjális umræða og ábendingar á Facebook

## Lota 1: 13.-19. mars



**Umsjón: Sólveig Jakobsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Ragný Þóra Guðjohansen.**  
**Áherslur iotur:**

- Óðlist skilning á hugtökum ljóðræði, borgaravíund og stafræn borgaravíund.
- Átti sig á alþjóðlegri umræðu, bæði fræðilegri og stefnumótandi, um borgaravíund (e. citizenship, civic engagement, civic awareness) í ljóðræðissamfélagi sem verður æ fjölmenningslegra og einkennist í sífellt meira mæli af netkun tækni og miðla.
- Átti sig á hugmyndum um mikilvæga þætti sem tengjast stafrænni borgaravíund.

- 📄 Kynningar á þátttakendum í Padlet: Smellið ykkur á vegginn
- 📄 3 erindi: Ólafur Páll, Ragný og Sólveig



📄 Stafræn borgaravíund: Þróun á opnum netnámskeiðum... (greinadrög) - lesið og skrifið gjarnan athugasemdir inn á Google

- 📄 Ítarefni og fleira - hér geta þátttakendur lagt í þúkk
- 📄 Sjálfsmat - hvernig stöndum við í stafrænni borgaravíund?
- 📄 Hugmyndir og umræður: Stafræn borgaravíund og ljóðræði í skólastarfi
- 📄 Glærur og efni tengs erindum
- 📄 Lota 1: Staða/uppgjör eftir fyrstu viku

LEITA Í UMRÆÐUM    
 Nákvæm leit

## NÝJAR FRÉTTIR

- Nýtt umræðuefni...
  - Netið okkar  
29. sep. 14:32 Sólveig Jakobsdóttir
  - Þakkir og boð  
22. maí, 16:14 Sólveig Jakobsdóttir
  - Breyting á tíma á vefmálstofu Kjartans í dag  
27. apr. 11:04 Sólveig Jakobsdóttir
  - Netið mitt: 4. lota um andlega og líkamlega heilsu og vellíðan er að hefjast  
24. apr. 20:08 Hildur Rudolfsdóttir
  - 4. lota um heilsu og vellíðan - breytingar á vefmálstofum  
12. apr. 15:57 Hildur Rudolfsdóttir
  - Eldri umræðuefni...
  - Eldri umræðuefni...

## Á NÆSTUNNI

Engir viðburðir á döfinni  
 Fara í dagatal...  
 Nýr viðburður...

## NÝLEG VÍDFANGSEFNI

Virkin síðan laugardagur, 4. nóvember 2017, 2:30 eh  
 Sýna nýlegar breytingar  
 Engar breytingar frá síðustu innskráningu

## INNSKRÁDIR NOTENDUR

(síðustu 5 mínútur)  
 Sólveig Jakobsdóttir

## #BORGARAVÍUND

#borgaravíund

Solveig Jakobsdottir @soljak  
 #utskolathroun #borgaravíund  
 Children's digital opportunities – perspectives from around the world  
 blogs.lse.ac.uk/parenting4digi...  
  
 Children's digital opportunities – per...  
 The "Parenting for a Digital Future" blog...  
 blogs.lse.ac.uk

## Lota 2: 20. mars - 2. apríl



Umsjón: Tryggvi Thayer og Óli Örn Atlason. Boðið verður upp á eina vefmálstofu í rauntíma, fimmtudaginn 23. mars kl. 16:15-17:15. Upptaka verður gerð aðgengileg eftir að vefmálstofu lýkur.

Áherslur lotu:


- Hvernig verður netsjálfíð til? Hvaða þættir ráða því hvernig aðrir upplifa okkar persónu í netheimum? Er netsjálfíð og raunsjálfíð það sama? Hver eru tengslin milli þeirra?
- Er ungt fólk meðvitað um netsjálfíð sitt og hvernig það mótast? Hvað með netsjálf annarra?
- Gerir ungt fólk sér grein fyrir líftíma upplýsinga og gagna á netinu? Veit það hvaða upplýsingar eru að finna um það á netinu og hvaðan þær upplýsingar koma?

Upphaf 2. lotu: Smá orðsending frá Tryggva:



Sjá líka lítið umræðuverkefni: Hver er Ken M? Leitið að honum á netinu og ræðum um hann hér: <http://education4site.org/netnam/mod/forum/discuss.php?d=7>

 Vefmálstofa: Sjálfsmynd og netorðstír. 23. mars kl. 16:15 - Óli Örn Atlason



 Lesefni, ítarefni og fleira

Hér geta allir bent á áhugavert efni sem tengist umræðu um sjálfsmynd fólks á netinu og netorðstír.

 Facebook sjálfíð mitt

Ef farið er á Facebook í venjulegum rápara á borð- eða ferðatölvu er hægt að skoða eigin síðu eins og ókunnir sjá hana. Þið sem eruð á Facebook, farið á síðuna ykkar. Ofarlega á henni er hnappur sem stendur á "Activity Log". Við hliðina á honum eru 3 punktar. Smellið á þá og veljið "View as...".

Ef þið væruð að skoða þessa Facebook síðu og þekktu ekki eiganda síðunnar, hvers konar manneskja haldið þið að hún sé? Hvað segir Facebook síðan um hana? Er eitthvað sem kemur á óvart? Ertu manneskjan sem þú taldir þig vera?

Skrifið stuttlega um reynslu ykkar hér...

 Hugmyndir og umræður: Sjálfsmynd og netorðstír

 Glærur og efni tengt erindi: Sjálfsmynd og netorðstír

## Lota 3: 3.-23. apríl





Umsjón: Guðberg K. Jónsson og Elísabet Gísladóttir. Boðið verður upp á eina vefmálstofu í rauntíma, fimmtudaginn 6. apríl kl. 16:15-17:15. Upptaka verður gerð aðgengileg eftir að vefmálstofu lýkur.

### Áherslur lotu:

- o Hvaða réttindi eiga börn? Fylgja þessum réttindum einhverjar skyldur?
- o Réttur barna til friðhelgi einkalífs og réttur til tjáningarfrelsis – hvernig vinna þessi réttindi saman og hvenær skarast þau á?
- o Hversu langt mega foreldrar ganga í að fylgjast með börnum sínum og takmarka friðhelgi einkalífs þeirra í þeim tilgangi að vernda þau?
- o Hversu langt mega skólar ganga til að takmarka friðhelgi einkalífs eða önnur réttindi barna í þeim tilgangi að halda uppi aga?
- o Hvaða upplýsingum mega börn deila um sig sjálf?
- o Hvaða upplýsingum mega foreldrar, skólar og aðrir deila um börn? Skiptir samþykki barns og/eða foreldra máli?
- o Hvernig er hægt að nýta tæknina án þess að það brjóti gegn réttindum barna?
- o Snjallsímar og önnur snjalltæki – áskoranir og tækifæri í skólastarfi.

 Lesefni o.fl.

 Vefmálstofa: Réttindi og ábyrgð. 6. apríl kl. 16:15 - Elísabet Gísladóttir



 Verkefni fyrir lotu 3

Hér birtast umræðuþræðir fyrir verkefni tengd lotu 3 um réttindi og ábyrgð á netinu.

 Hugmyndir og umræður: Réttindi og ábyrgð

 Glærur og efni tengt erindi: Réttindi og ábyrgð



## Lota 4: 24. apríl - 15. maí



Umsjón: Hildur Rudolfsdóttir, Gunnar Svanbergsson, Ingibjörg Jónsdóttir og Kjartan Ólafsson. Boðið verður upp á tvær vefmálstofur í rauntíma, fimmtudaginn 27. apríl kl. 16:15-17:15 (Kjartan) og fimmtudaginn 4. maí kl. 16:15-17:15 (Gunnar og Ingibjörg). Upptökur verða gerðar aðgengilegar eftir að vefmálstofunum lýkur.

Áherslur lotu eru meðal annars:


- ◊ Að foreldrar séu þátttakendur í lífi barna sinna með því að njóta öruggrar og þægilegrar samveru. Stóldrum við og veitum börnum óskipta athygli.
- ◊ Að foreldrar séu fyrirmyndir í lífi og starfi, líka varðandi net, sjónvarp og snjalltæki. Geri sér grein fyrir því að notkun þeirra er ekki alltaf besta fyrirmyndin fyrir börnin.
- ◊ Að foreldrar setji skýrar, vel ígrundaðar reglur um notkun tækja sem hæfa aldri barnsins. Reglurnar gera barninu auðveldara að læra á og upplifa miðla á jákvæðan hátt - og gefa því góða byrjun á starfrænu lífi.
- ◊ Hryggsúlan á tækniöld.
- ◊ Hver eru helstu vandamál sem koma upp í stoðkerfi vegna vinnu eða leikja í tölvum og snjallsímum.
- ◊ Hvernig má koma í veg fyrir helstu stoðkerfisvandamál með rétttri líkamsbeitingu.
- ◊ Helstu einkenni stoðkerfisvandamála vegna langvarandi setu og kyrrstöðu.



Lesefni ofi.



Vefmálstofa 27.4. Andleg heila og vellíðan



Vefmálstofa 4.5. Líkamleg heila og vellíðan: Gunnar Svanbergsson (erind) og Ingibjörg Jónsdóttir (erindi og umræða um efni beggja)



Hugmyndir og umræður: Heilsa og vellíðan



Glærur og efni tengt erindum: Heilsa og vellíðan



Lesefni ofi.



Skrifuð voru drög að grein um tilurð námskeiðsins sem nýtt var sem lesefni á námskeiðinu. Greinin var sett upp í [Google Docs](#) og gátu lesendur sett inn athugasemdir og ábendingar beint inn á greinina. Haft var samband við aðstandendur Netlu en fyrirhugað er að leggja þar fram greinina í endanlegu formi. Ritstjórn gerði ekki athugasemdir við að greinadrög yrðu gerð aðgengileg með þessum hætti. Boðið var upp á vefmálstofur í tengslum við hvern námsþátt (í Adobe Connect) og hægt að nálgast upptökur af þeim (á Vimeo), gera nokkur verkefni og taka þátt í umræðu. Þá var stofnaður Facebook-hópurinn *Borgaravitund* fyrir óformlegri umræðu sem hefur áfram verið opin fyrir alla áhugasama um málefnið.

## Afrakstur og árangur

Hér verður gert grein fyrir hvernig tókst til með námskeiðið í stórum dráttum og hvað læra mátti af reynslunni, hvaða birtingar liggja fyrir á þessum tímapunkti og þá verður rætt um samstarfsnetið sem eflidist og víkkaði út í tengslum við gerð námskeiðsins.

Námskeiðið var auglýst á Menntamiðju og samfélagsmiðlum og var skráningarsíða sett upp á Menntamiðju-vefnum. Þá var námskeiðið auglýst á námskeiðinu Nám og kennsla á Netinu við Menntavísindasvið á vegum Salvarar Gissurardóttur. Á Menntamiðju-síðunni skráðu sig 63. Þar af var rúmur helmingur (38) tengdur grunnskólanum, um 15 háskóla (bæði nemendur og starfsfólk), 7 framhaldsskóla og nokkrir frístundaheimilum eða söfnum. Voru um 70 manns (aðallega grunn- eða framhaldsskólakennarar) sem skráðu sig svo inn á Moodle-vefinn (þar af um 45 sem höfðu skrá sig á skráningarsíðuna) en einhverjir tækni-örðugleikar í byrjun drógu úr allmörgum sem höfðu skráð sig á skráningarsíðuna en lentu svo í erfiðleikum að komast inn í námsumhverfið.

Virkni á námskeiðinu var ekki mjög mikil þegar á heildina var litið, frekar en gengur og gerist um MOOC/opin netnámskeið (oft er um 4-15% sem lýkur námskeiðum og gerir flest verkefni).<sup>1</sup> Hugsanlega spilaði inn í að námskeiðið fór af stað seinna en heppilegt var talið miðað við niðurstöður úr þarfagreiningu. Þar kom fram að óskatími flestra á vormisseri væri febrúar-apríl (54%) eða janúar til mars (50%) en síst mars til maí (18%) en því miður náði hönnunarhópurinn ekki að gera námskeiðið klárt fyrir en í mars. Eitthvað virtist draga úr dampinum í virkni vegna páskanna sem skáru dálítið dagskránnu í sundur. En allmargir (um 29 fyrir utan kennara) kynntu sig á Padlet í <https://padlet.com/hildurr/netidmitt> í upphafi námskeiðsins og um 13 tóku þátt í sjálfsmati á stafrænni borgaravitund sinni. Nokkrir mættu á hverja vefmálstofu sem var í boði í Adobe Connect og upptökur vistaðar í Vimeo (8 erindi). Þegar skoðuð er virkni í Vimeo sést að á bilinu 7 til 76 spilanir hafa verið á hverri upptöku en til viðbótar eru miklu fleiri “impressions” (þar sem myndbandi hefur verið spilað á öðrum stöðum en í Vimeo t.d. í gegnum “embed” kóða). Þá er um að ræða 94 til 705 slíkar spilanir fyrir hverja upptöku. Það er um 10 til 100 sinnum fleiri en fjöldi þátttakenda sem skráður var á námskeiðið.

Mjög fáir tóku þátt í umræðu inni í Moodle. Ef litið er á virkni þar þá sýnir kerfið hversu margar aðgerðir hver notandi gerði í kerfinu (smellir á tengla, umræður o.s.frv.). Þá sést að það

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. umfjöllun hér <http://edu4.me/completion-rates-are-the-greatest-challenge-for-moocs/>

var mjög virkur kjarni, um 5 manns var með á bilinu 101-147 aðgerðir, 12 vorum með 26-100, en 33 með 1-25 (þar af 7 með eina). En 20 voru alveg óvirkir inni í kerfinu. Einnig voru dæmi um óvirkari þátttakendur sem voru að nýta sér efni á námskeiðinu og t.d. að prófa námsefni sem bent hafði verið á í sínum skólum.<sup>2</sup>

Þátttakendur voru beðnir um að skila inn mati á námskeiðinu í júníbyrjun 2017, sjá <https://docs.google.com/forms/d/1iQpYf331XTvqeuV5ds7xGAQNGCdGsQli8BN5mMBtepw/edit> Eingöngu 7 svöruðu og í stórum dráttum voru 5 þeirra mjög eða fremur ánægðir með námskeiðið en tveir höfðu lent í tæknivandamálum, kvörtuðu yfir þeim og voru óánægðir með námskeiðið. Í einstökum spurningum höfðu þrír (43%) mjög jákvæða reynslu, 2 (29%) fremur jákvæða, 1 14% fremur neikvæða og 1 mjög neikvæða. Varðandi afrakstur sögðust 4 hafa aukna þekkingu á stafrænni borgaravitund, 4 höfðu fengið hugmyndir um hvernig vinna mætti að því að efla borgaravitund meða ungmenna. Varðandi þátttöku í vefmálstofum (eða hlustanir á upptökur af þeim) höfðu 2 gert all/nær allt, 1 gerði flest, 2 gerðu sumt og 2 gerðu ekkert/nær ekkert. Varðandi lestur geinar um námskeiðið og annað lesefni var 1 sem gerði all/nær allt, 4 gerðu flest og 2 ekkert/nær ekkert. Varðandi verkefni (kynningar í Padlet, sjálfsmat, stafrænt orðspor, umræða) var 1 sem gerði allt/nær allt, 3 sumt og 2 ekkert/nær ekkert. Premur fannst vefmálstofurnar mjög áhugaverðar/spennandi, 2 fremur áhugaverðar og 2 ekki sérlega áhugaverðar. Tveimur fannst lesefni/ítarefni mjög áhugavert, 3 fremur áhugavert og 2 ekki sérlega. Tveimur fannst verkefni mjög áhugaverð, 3 fremur áhugavert en 1 ekki sérlega. Svipaðar niðurstöður komu fram varðandi gagnsemi. Varðandi námsumhverfi var 1 mjög ánægður með Moodle, 2 ánægðir, 3 fremur óánægðir og 1 mjög óánægður. Varðandi Adobe Connect var 1 mjög ánægður, 4 fremur ánægðir, 1 fremur óánægður og 1 mjög. Varðandi Padlet voru 2 mjög ánægðir og 3 fremur ánægðir en 1 mjög óánægður. Varðandi GoogleDocs voru 2 mjög ánægðir og 2 fremur ánægðir en 1 fremur óánægður og 1 mjög. Varðandi Vimeo voru 3 mjög ánægðir, 1 fremur ánægður, 1 fremur óánægður og 1 mjög. Fjórir sögðust hafa lent í litlum sem engum tækniörðugleikum en 3 sögðust hafa lent í erfiðleikum. Þar af sögðust 3 hafa lent í erfiðleikum að komast inn á Moodle og 2 á Vimeo en 1 merkti við annað. Varðandi skipulag námskeiðs voru 3 mjög ánægðir og 2 fremur ánægðir en 1 fremur óánægður. Varðandi tímasetningu á námslotum voru 2 mjög ánægðir og 3 fremur en 1 mjög óánægður. Varðandi skipulag námslotna voru 4 mjög ánægðir og 1 fremur. Varðandi tímasetningu á vefmálstofum voru 2 mjög ánægðir, 1 fremur en 2 fremur óánægðir. Þrír sögðust mjög ánægðir að námskeiðið væri eingöngu á netinu en 2 fremur.

Í hönnunar- og undirbúningshópnum var fólk sem hafði staðið að námskeiðinu Samspil 2015 þar sem yfir 330 þátttakendur skráðu sig (námskeið sem var í gangi allt árið 2015). Skipulag var að mörgu leyti sambærilegt varðandi vefmálstofur en boðið var upp á staðlotur í upphafi og umræða fór alfarið fram í Facebook. Því var áhugi fyrir að að prófa að bjóða upp á staðlotur í tengslum við framhaldsnámskeið í von um að fá meiri virkni hjá þátttakendum. Vorið 2017 fékkst viðbótarstyrkur í verkefnið úr Kennslumálasjóði og ennfremur styrkir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla og úr Borgarsjóði. Því var ákveðið að halda áfram með

---

<sup>2</sup> Þátttakandi sem greindi umsjónaraðila frá slíkum tilraunum í óspurðum fréttum þegar þær hittust í menntabúðum í Hólabrekkuskóla í apríl 2017.



verkefnið og bjóða upp á sjálfstætt framhaldsnámskeið *Netið okkar* og til að gera hugsanlega endurbætur á námskeiðinu *Netið mitt* þar sem það gæti þá þróast áfram og verið hugsanlega aftur í boði að ári. Þrír svöruðu opinni spurningu um eitthvað sem þeir vildu nefna varðandi námskeiðið sem þeir voru sérstaklega ánægðir með: Einn sagði málstofunnar, annar sagði að allt hefði verið mjög áhugaver og sá þriðji að námskeiðið hefði verið mjög áhugavert og þarft. Fimm svöruðu opinni spurningu um hvað hefði mátt bæta. Þar komu tækni- og skráningarferfiðleikar við sögu hjá tveimur

- Skráði mig inn á námskeiðið, en komst ekki á lykilorðinu sem ég mundi því ég skráði það niður. Bað oftast en einu sinni um nýtt lykilorð en fékk aldrei og gat þess vegna ekki tekið þátt sem ég er mjög svekkt yfir.
- Tæknin gerði út af við þátttöku mína. Erfitt að komast inn á vefinn og fékk margofter sent lykilorð þar til mér fannst það orðið hálf skammarlegt og hætti. Því miður. Mætti byggja næsta námskeið þannig upp að auðveldara væri að komast inn og finna gögnin. Hef verið á mooc og þar hefur það gengið vel. Tæknileg útfærsla má ekki standa í vegi fyrir því að taka þátt

En einnig komu fram ábendingar frá hinum varðandi það að reyna að efla umræðu með einhverjum hætti, auglýsa námskeiðið með lengri fyrirvara, auka sýnileika umsjónaraðila og tengsl við þátttakendur og hafa námskeiðið á hentugri tíma.

Eftirfarandi skrif og kynningar tengjast verkefninu.

Sólveig Jakobsdóttir, Guðberg K. Jónsson, Hildur Rudolfsdóttir og Tryggvi B. Thayer. (2017). *Bætt borgaravitund ungmenna á tímum stafrænnar tækni. Tímarit Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra, September*, bls. 54-55. Sótt af <https://www.heimiliogskoli.is>






Sólveig Jakobsdóttir. (2017). Stafræn borgaravitund: Þróun á opnum netnámskeiðum fyrir þá sem standa að uppeldi og menntun ungmenna. Drög að Netlugrein <https://docs.google.com/document/d/1tzxrDzJoCOFEsPPY4qF0wAOFijJTpZuZqs3F7xeRtml/edit>

Sólveig Jakobsdóttir. (2017, 19. október). *My Internet - Our Internet: Developing MOOCs on digital citizenship for educators in Iceland*. Erindi á World Conference For Online Learning, Toronto. Sótt af <https://www.slideshare.net/secret/HIQ4KGuY8Tf2e4>

Sólveig Jakobsdóttir. (2017, 6. október). *Netið mitt – Netið okkar: Opin netnámskeið um stafræna borgaravitund*. á Menntakviku árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://skrif.hi.is/rannum/menntakvika/menntakvika-2017/>

## Samstarfsnet

Mikilvægt samstarf áhugasamra fagaðila af mörgum mismunandi sviðum skapaðist í þessu verkefni (sjá mynd hér fyrir neðan). Vonumst við sem höfum staðið að þessari þróunarvinnu til þess að henni vaxi fiskur um hrygg og geti bæði gagnast vel til að stuðla að bættri borgaravitund en einnig að reynslan nýtist í tengslum við áframhaldandi þróun í símenntun á netinu.

WHO?.. was involved	Expertise	Stage
 UNIVERSITY OF ICELAND SCHOOL OF EDUCATION RANNUM; + members from all 3 faculties	ICT in education, digital citizenship DE, online learning, MOOCS Citizenship and democracy, philosophy Teacher ed., PD	<b>Initiation</b> Preparation D&D, Teaching Follow-up Funding
 Home & School	Children and Internet safety Graphic design Media literacy	Preparation D&D Funding
 Menntamiðja Education Plaza	Professional development and digital habitats, MOOC for teacher ICT in education Future of education	Preparation D&D, learning environment, teaching
 Association - ICT in education	ICT in education Digital citizenship	Preparation D&D
 Reykjavík municipality	ICT in education Professional development	Preparation, funding
Many different people linked with different institutes/associations...: experts found in relation to course themes	Law, children's advocacy Pedagogy, freetime education Physical therapy, ergonomics Sociology, Internet addiction Sexting, hate speech, bullying, social media and online communication, online security, digital literacy, maker literacy	Preparation Teaching

## Kostnaður, áætlun og nýting

Sótt var um styrk að upphæð kr. 1.000.000. Styrkur úr Kennslumálasjóði fékkst að upphæð 500.000. Í töflunni hér fyrir neðan er sýnd ráðstöfun styrks.

Kostnaðarliður	Áætlun	Raun
Undirbúningsvinna (ráðgjöf Jason Ohler)*	100.000	255.000*
Hönnunarvinna Hildur Rudolfsdóttir og Tryggvi Thayer	450.000	150.000**
Kennsla og umsjón: 4 fyrirlesarar (x60.000)	450.000	240.000
Umsjón/kennsla (Hildur, Tryggvi)		110.000
Samtals	1.000.000 (styrkur 500.000)	755.000

\*Sótt var um styrk í Bakhjarl fyrir þessum lið sem fól einnig í sér málþing um stafræna borgaravitund 2.júní 2016 þar sem Jason Ohler hélt erindi. Bakhjarl greiddi um 142.000, Reykjavíkurborg 49.000 og Heimili og skóli 64.000 kr.

\*\*Grafískur hönnuður hjá Heimili og skóla sá um að gera borða og hannaði útlit auglýsingar, verkefninu að kostnaðarlausu.

Hlutur Tryggva Thayer vegna hönnunarvinnu, kennslu og umsjónar, sem er samtals um kr. 188.000, verður væntanlega greiddur út þegar síðari hluti styrkuppþæðar (kr. 125.000) kemur inn og fer að öllum líkindum til Menntavísindastofnunar HÍ (v. Menntamiðju) sem greiðir laun Tryggva. Verkefnisstjóri hefur verið í viðræðum við Kristínu Erlu Harðardóttur og Tryggva Thayer varðandi útfærslur á þesari lokagreiðslu.

Reykjavík 8. nóvember 2017



Sólveig Jakobsdóttir, PhD

Dósent fjarkennslufræðum/Associate professor distance education Forstöðurmaður  
rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun/Head of Centre for Educational Research on ICT  
and Media Menntavísindasvið Háskóla Íslands/University of Iceland, School of Education

Sími/Tel: (00354)525 5568; (00354)663 7561

Netfang/E-mail: [soljak@hi.is](mailto:soljak@hi.is)

Vefsíða/URL: <http://uni.hi.is/soljak>